



LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á árlegri ráðstefnu BUGL, Barna- og unglingsdeildar LSH 12. jan. 2018

Góðir áheyrendur:

Á tímabundnu heimili okkar hjóna á Bessastöðum – nánar tiltekið í sjónvarps-, tölvu- og leikherbergi fjölskyldunnar, hangir uppi á vegg, innrammaður og skráður með stórum stöfum, hluti Húsagatilskipunarinnar frá árinu 1746. Þar segir að óþekk börn skuli „straffa ... með alvarlegum orðum (þó fyrir utan blót og ósæmileg illyrði) ellegar so með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar ... Mögli börnin eður láti sjá á sér fúlt, reiðuglegt andlit, þá tyftist þau með því meiri alvörufefni, þangað til þau læra að sýna sig ástúðleg og auðmjúk.“

Fyrr á öldum bjó ungviði við mikla hörku hér á landi eins og Loftur heitinn Guttormsson sagnfræðingur sýndi vel í sínum fræðum. Á misjöfnu þrífast börnin best, segir máltækið og ekki skyldi spara vöndinn. Lýsingar á þessu harðræði má til dæmis finna í stórvirki Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili um íslenska þjóðhætti; hér nefni ég eina frásögn, æskuminningu Jóns nokkurs Eiríkssonar sem fæddist um miðja nítjándu öld:

... er mér ekkert eins eftirminnilegt og flengingarnar og kjaftshöggin ... Það þurfti sannarlega ekki miklar né stórfelldar yfirsjónir til þess að vöndurinn væri gripinn og sýndur, og það var meira en að sýna eða látast eða hóta. Það virtist ríða á öllu að láta okkur finna sem mest til og refsingin yrði sem eftirminnilegust þeim sem brotlegir reyndust. Sárast af öllu þótti mér að verða sjálfur að hysja niður um mig til þess að úttaka refsinguna og að henni lokinni að kyssa á vöndinn.

Smám saman dró úr refsigleðinni. Á fyrri helmingi síðustu aldar mátti þó enn lesa í uppeldisbókum að stundum þyrfti að láta hart mæta hörðu. Í Mæðrabókinni frá árinu 1925 er tekið fram að barsmíðar í reiðikasti skili engu en á hinn bóginn sé „ekkert efamál að einn skellur á endann hafi stundum meiri áhrif, einkum á óstýrilát og óþekk börn, en sífelldar áminningar.“ Harmræna sýn eigum við líka á æsku stúlku sem var yfirheyrð vegna ásakana um ósiðlegt athæfi á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, í „ástandinu“ svonefnda: „Mér kemur illa saman við alla heima, allir hæðast að mér. Ég hef alltaf verið ein og engum getað sagt neitt. Mig langar bara að deyja.“ Um þessa stúlku gildir ugglaustrú niðurstaða, sem Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, kvenna- og kynjasögufræðingur, komst að í nýlegri grein sinni um

„ástandið“ svonefnda og dóma yfir stúlkum sem þóttu hafa lent á glapstigum: „Því er ekki hægt að lesa annað úr skýrslum Ungmennadómstóls en að hann hafi dæmt stúlkur fyrir glæpi sem framdir voru gegn þeim.“

Verst gat líf þeirra orðið sem helst þurftu á vernd og aðstoð að halda, munaðarlaus börn, fötluð og þroskaskert. Margar átakanlegar sögur mætti rekja um þær raunir, allt það óréttlæti.

Var líf flestra eða margra barna þá eintóm kvöl og þína? Rangt væri að hrapa að svo víðtækri niðurstöðu. Ótal frásagnir eigum við líka af fagurri æsku í faðmi ástríkra foreldra eða annarra. Séra Bjarni Jónsson, vinsell dómkirkjuprestur um árabíl og síðar vígslubiskup, ólst upp í Reykjavík við kröpp kjör en nægjusemi og umhyggju:

Ég held mér sé óhætt að segja það að æska okkar barnanna leið björt og heið. Við vorum ánægð með lífið og treystum foreldrum okkar, guði og framtíðinni. Við vorum ekki eins og rekald, ekki áttavillt í hávaða og hraða, kvikmyndum, útvarpi og flugvélady. Ég man ekki til þess að ég kæmi nokkurn tíma til mömmu minnar og segði í örvæntingu: „Mér leiðist svo óskaplega, mamma mín. Hvað á ég að gera?“ – En þetta segja börnin oft nú til dags. ... Ég er alls ekki að áfella nú tímann, en lýsi aðeins tilfinningu minni fyrir fortíðinni eins og hún lifir í minningunni eftir öll þessi ár.

Þetta sagði séra Bjarni um miðja síðustu öld, eftir stríðið, þegar aukin velmegun var komin til sögunnar, borgarlíf, ys og þys miðað við hina gömlu góðu daga. Tímarnir breytast og mennirnir með, og hefur okkur ekki miðað fram á veg, þrátt fyrir allt? Rannsóknir Jónínu Einarsdóttur mannfræðiprófessors og Geirs Gunnlaugssonar benda til að á áttunda áratugnum, fyrir um hálfri öld, hafi sjónarmið foreldra, forráðamanna og annarra breyst til hins betra, að líkamlegar refsingar hafi ekki lengur þótt við hæfi.

Við vitum að í dag reykja ungmenni og drekka minna en áður, mun færri neyta fíkniefna og úti í heimi þykja okkar átaksverkefni í þessum efnum vera til mikillar fyrirmyndar. Við höfum alls kyns leiðir til að mæta börnum sem þurfa aðstoð eða einhvers konar sérúrræði í námi. Við vinnum gegn einelti og við höfum frábært fagfólk sem leitast við að bæta hag allra barna, bæta samfélagið.

Um það vitnar þessi ráðstefna. Ég þakka ykkur öllum sem hér takið til máls fyrir ykkar þátt og öll ykkar störf. Það er nefnilega enn verk að vinna, heilmikið verk að vinna. Þrátt fyrir allar okkar framfarir og átaksverkefni virðist geðheilsa barna verri en áður og sífellt bætast við nýjar ógnir, nú síðast netfíkn, einelti á netinu og snjallsímasýki, eða símaaðskilnaðarkvíði eins og það heitir á fagmáli. Hvað ætli séra Bjarni eða aðrir af þeirri kynslóð segðu, gætu þeir skyggst inn í reynsluheim barna og unglunga nú um stundir?

Góðir áheyrendur: Ég leyfi mér í lokin að nefna að af öllu því sem ég hafði orð á í nýlegu nýársávarpi hef ég fengið sérstakar þakkir fyrir eitt, að vitna í orð Vigdísar Grímsdóttur rithöfundar sem hún lét falla í blaðdaviðtali fyrir nokkru: „Það eina sem skiptir í rauninni virkilegu máli er að vera góður við börn. Þar liggur allt.“ – Í blálökin klykki ég svo út með því að nefna til öryggis að við hlið Húsagatilskipunarinnar í tólmstundaherberginu heima er líka innrömmuð fyrsta grein núgildandi barnalaga:

Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. ... Barn á rétt á að láta

skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Gangi ykkur vel í ykkar góðu störfum, börnum, okkur foreldrum og öllu samfélaginu til heilla.